# REGLUGERÐ

**um skilgreiningu, lýsingu og kynningu á tilteknum áfengum drykkjum.**

1. gr.

*Gildissvið.*

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XXVII. kafla II. viðauka samningsins (brenndir drykkir), gilda hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

Innflutningur og markaðssetning á brenndum drykkjum er heimil eftir því sem tilgreint er í XXVII. kafla, sbr. 1. mgr.

2. gr.

*Gerðir.*

Eftirtaldar ESB-gerðir gilda hér á landi, sbr. 1. gr.:

1. *Skilgreining, lýsing, merking og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum.*
   i. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1576/89, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2012 frá 30. apríl 2012, eins og reglugerðinni var breytt með:
   ii. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2011 frá 20. maí 2011.
2. *Framkvæmdareglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum.*
   i. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1014/90 frá 24. apríl 1990 um ítarlegar framkvæmdareglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum, eins og henni var breytt með:
   ii. Reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1180/91 frá 6. maí 1991, nr. 1781/91 frá 19. júní 1991 og nr. 3458/92 frá 30. nóvember 1992.
   iii. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1712/95 frá 13. júlí 1995, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/97 frá 10. júlí 1997.
   iv. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2626/95 frá 10. nóvember 1995, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/97 frá 10. júlí 1997.
   v. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2523/97 frá 16. desember 1997, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/98 frá 25. september 1998.
   vi. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2140/98 frá 6. október 1998, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/99 frá 28. maí 1999.
3. *Almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínum o.fl.*
   i. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínum, drykkjum blönduðum með kryddvínum og hanastélum blönduðum með kryddvínum, eins og henni var breytt með:
   ii. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3279/92 frá 9. nóvember 1992.
   iii. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2061/96 frá 8. október 1996, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/97 frá 15. desember 1997.
   iv. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2011 frá 20. maí 2011.
4. *Bráðabirgðaráðstafanir varðandi kryddvín o.fl.*
   i. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3664/91 frá 16. desember 1991 um bráðabirgðaráðstafanir varðandi kryddvín, drykki blandaða með kryddvínum og hanastél blönduð

með kryddvínum, eins og henni var breytt með:

ii. Reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 351/92 frá 13. febrúar 1992, nr. 1914/92 frá 10. júlí 1992, nr. 3568/92 frá 10. desember 1992 og nr. 1791/93 frá 30. júní 1993.

5. *Greiningaraðferðir á bragðlausu alkóhóli í víngeiranum.*
   i. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1238/92 frá 8. maí 1992 um greiningaraðferðir bandalagsins á bragðlausu alkóhóli í víngeiranum.
6. *Greiningaraðferðir á etanóli úr landbúnaði sem er notað við framleiðslu brenndra drykkja o.fl.*
   i. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2003/92 frá 20. júlí 1992 um greiningaraðferðir bandalagsins á etanóli úr landbúnaði sem er notað við framleiðslu brenndra drykkja, kryddvína, drykkja sem blandaðir eru með kryddvínum og hanastéla sem eru blönduð með kryddvínum.
7. *Undanþáguráðstafanir vegna "Glühwein."*
   i. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2215/96 frá 20. nóvember 1996 um undanþáguráðstafanir vegna "Glühwein", sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/97 frá 15. desember 1997.
8. *Tilvísunaraðferðir fyrir greiningu brenndra drykkja.*
   i. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2870/2000 frá 19. desember 2000 um tilvísunaraðferðir bandalagsins fyrir greiningu brenndra drykkja, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2001 frá 13. júlí 2001, eins og henni var breytt með:
   ii. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2091/2002 frá 26. nóvember 2002, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2003 frá 16. maí 2003.

### 3. gr.
*Birting gerða.*

Þær gerðir sem vísað er til í liðum 2.i, 2.ii, 3.i, 3.ii, 4.i, 4.ii, 5.i, og 6.i við 2. gr. eru birtar í sérriti, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1712/95 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 44/1997 frá 23. október 1997, bls. 26.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2626/95 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 44/1997 frá 23. október 1997, bls. 28.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2523/97 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 32/1999 frá 22. júlí 1999, bls. 139.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2140/98 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 51/2000 frá 9. nóvember 2000, bls. 40.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2061/96 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 27/1998 frá 9. júlí 1998, bls. 115.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2215/96 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 27/1998 frá 9. júlí 1998, bls. 118.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2870/2000 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 16/2002 frá 28. mars 2002, bls. 24.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2091/2002 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 16/2005 frá 2. apríl 2005, bls. 181.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54/2012 frá 27. september 2012, bls. 454.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55/2011 frá 7. október 2011, bls. 123.

### 4. gr.
*Eftirlit.*

Tollstjóri hefur eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt í samræmi við 132. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

5. gr.
*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 193. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 597/1993, um skilgreiningu, lýsingu og kynningu á tilteknum áfengum drykkjum, með síðari breytingum.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 26. nóvember 2012.*

F. h. r.

**Maríanna Jónasdóttir.**

*Guðmundur Jóhann Árnason.*

**Fyrirvari**
Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.
Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.